

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Voga, nr. 925/2013.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi bæjarstjórnar allajafna fyrsta þriðjudag mánaðar, kl. 17.30.

2. gr.

1. mgr. 27. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til árs í senn. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður verða varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar, sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

1. mgr. 28. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarráð skal að jafnaði funda annan og fjórða þriðjudag mánaðar, kl. 17.00.

4. gr.

Við 32. gr. samþykktarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Heimild bæjarráðs til að taka fullnaðarákvörðun í málum eða taka ákvarðanir í sumarleyfi sveitarstjórnar er bundin því skilyrði að ekki sé ágreiningur innan bæjarráðs eða við framkvæmdastjóra um ákvörðunina.

5. gr.

1. málsl. 1. mgr. 37. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Fundargerðir bæjarráðs, fræðslunefndar, frístunda- og menningarnefndar og umhverfis- og skipulagsnefndar skulu lagðar fyrir bæjarstjórn til kynningar eða afgreiðslu og staðfestingar.

6. gr.

47. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtalдар nefndir, ráð og stjórnir. Nánari lýsing á verkefnum nefnda kemur fram í erindisbréfi:

A. Til eins árs:

Bæjarráð. Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum og síðan í júní ár hvert kjósa þrjá aðalmenn og þrjá til vara í bæjarráð, sbr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga og 27. gr. samþykktar þessarar.

B. Fastanefndir kosnar til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að loknum kosningum:

1. *Fræðslunefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Umhverfis- og skipulagsnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
3. *Frístunda- og menningarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
4. *Fjölskyldu- og velferðarnefnd Suðurnesjabæjar*. Tveir áheyrnarfulltrúar og jafnmargir til vara í sameiginlega nefnd sveitarfélaganna tveggja skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
5. *Kjörstjórn*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
6. *Ungmennaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara eru tilnefndir af nemendaráði Stóru-Vogaskóla, einn fulltrúi framhaldsskóla og annar til vara, tilnefndir af frístunda- og menningarnefnd, einn aðalmaður og varamaður er tilnefndur af Ungmennafélaginu Þrótti og einn aðalmaður og varamaður er tilnefndur af Ungmennadeildinni Tígli.

C. Kosningar í stjórnir, samstarfsnefndir og ráð til fjögurra ára nema annað sé tekið fram varðandi hverja nefnd:

1. *Almannavarnanefnd Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn til vara.
2. *Heilbrigðisnefnd Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn varamaður.
3. *Brunavarnir Suðurnesja*. Einn aðalmaður og einn varamaður.
4. *Stjórn Kólku sorpeyðingarstöðvar sf.* Einn aðalmaður og einn varamaður.
5. *Reykjanes jarðvangur ses.* Einn aðalmaður í stjórn og einn varamaður.
6. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Bæjarstjórn kýs fulltrúa á landsþing í samræmi við gildandi samþykktir Sambands íslenskra sveitarfélaga
7. *Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum*. Tilnefna skal fulltrúa í stjórn í samræmi við gildandi samþykktir SSS.
8. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara.
9. *Öldungaráð Suðurnesjabæjar og Sveitarfélagsins Voga*. Einn aðalmaður og annar til vara.

D. Aðrar tilnefningar

Tilnefningar í stjórnir á vegum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) eða til annarra verkefna sem ekki eru talin upp í A–C-liðum þessarar greinar skulu fara fram í bæjarráði eða samkvæmt ákvörðun bæjarráðs.

7. gr.

6. mgr. 49. gr. samþykktarinnar breytist og orðast svo:

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs er staðgengill bæjarstjóra.

8. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 23. júní 2026.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Ólöf Sunna Jónsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 7. júlí 2026